

Leikfjélag Hafnarfjarðar:

— GASLJÓS —

Eftir Patrick Hamilton

Leikstjóri: Evar Kvaran

LEIKFJÉLAG Hafnarfjarðar hafði frumsýningu á ofangreind um leik á föstudagskvöldið er var fyrir þjettskipuðu húsi og við ágætar viðtökur áhorfenda.

Höfundur leikritsins er Englendingur, fæddur 1904 í London. Hann gerðist leikari á unga aldri, en tók svo að semja leikrit og hafa sum þeirra verið sýnd allvíða og hlotið góða dóma. Hamilton er ekki einn af „þeim stóru“, en þó hafa tvö leikrita hans, The Rope — Snaran — og Gasljós hlotið mikla hylli áhorfenda, þar sem þau hafa verið sýnd, einkum hið síðara, — Gasljós —, sem sýnt hefur verið víða um heim og hvarvetna við geisimikla aðsókn og ágætar viðtökur. Auk þess hefur leikritið verið kvikmyndað með þeim Ingrid Bergman og Charles Boyer í aðalhlutverkunum. Kvikmynd þessi var sýnd hjer sumarið 1946 og mun hún minnstæð þeim sem sáu hana. Þá var og leikritið sjálft sýnt hjer í Tripólileikhúsinu árið 1943 á vegum ameríska setuliðsins, undir nafninu Angel Street. Var það mjög athyglisverð leiksýning fyrir margra hluta sakir, ekki síst fyrir það, að með aðalhlutverkið, frú Manningham, fór þá íslensk leikkona, frú Inga Laxness, og gerði því afbragðsgóð skil. Er hlutverkið þó erfitt mjög og vandasamt. Sýndi frúin með leik sínum þá að hún býr yfir góðum leikgáfum og hefur glöggan skilning á því, sem hún fer með. Þykir því þeim, sem þetta ritar furðu gegna, að hún skuli ekki á undanförunum árum hafa fengið til meðferðar fleiri hlutverk og veigameiri, en raun hefur á orðið.

Leikurinn „Gasljós“ fer fram á „drungalegu haustkvöldi árið 1880 í Lundúnum“ sem segir í leikskránni. Fjáhar hann um glæpi og leynilögreglu og er ósvikinn „thriller“, eins og Englendingar nefna slíka sjónleiki, en við köllum á slæmri íslensku „spennandi reifara“. Af þessu er ljóst, að ekki væri rjett að rekja hjer efni leiksins, enda verður það ekki gert. — Með þrjú meginhlutverkin fara kunnir reykvískir leikarar.

Evar R. Kvaran hefur sett leikinn á svið og annast leikstjórnina. Hefur hann leyft hvorttveggja mjög vel af hendi. Tilhögun öll á sviðinu er einkar góð, „placeringar“ hinar bestu og hraðinn hæfilegur. En birtan á leiksviðinu er oft óþarflega sterk og fer þá ekki vel við förduð andlit leikaranna. Þyrfti að bæta úr þessu. — Evar Kvaran fer einnig með eitt af þremur veigamestu hlutverkum leiksins, Rough, leynilögreglumann og gerir því hin bestu skil. Hann er ef til vill ekki nógu „rough“ — þ. e. gróferður, en leikur hans er fjörlegur og skemmtilegur. Gerfi hans er einnig allgott, en þó finnst mjer hann full ungur í andlitj miðað við aldur hans og reynslu. Annmarkar nokkrir virtust mjer vera á kunnáttu leikandans, en þó ekki til verulegra lýta. Munu þeir stafa af


ónógum tíma til undirbúnings vegna leikstjórnarinnar, og ættu því að „eldast“ fljótlega af Evari í þessu hlutverki.

Frú Inga Laxness fer hjer með sitt gamla hlutverk, frú Manningham, og gerir því jafn-ágæt skil og áður. Taugaóstyrkur frú Manningham, hræðsla hennar og örvænting er jafn



Inga Laxness sem frú Manningham.

sannfærandi nú sem fyrr og hver hreyfing hennar ber vott um angist hennar og úrræðaleyfi. Og ekki tekst frú Laxness síður, er hún í leikslok, sannfærast til hlítar um það hvert úhrak maður hennar er, og hún ris upp sterk og heilbrigð í hatri sínu til hans og selur hann lögreglunni í hendur.



Jón Aðils, sem Manningham.

Jón Aðils fer með hlutverk Manninghams, hins kaldrifjaða og salsjúka glæpamanns. Er leikur hans, í einu orði sagt, afbragðsgóður, hnitmiðaður og öruggur, sterkur, en þó óhuganlega rólegur og kaldur. Gerfi hans er og ágætt, í algjöru samræmi við innræti og framkomu mannsins. Hygg jeg að Jóni hafi sjaldan betur tekist, en að þessu sinni og hefur hann þó oft sýnt frábæran leik.

Þjónustustúlkurnar á heimili Manninghamshjónanna, Nancy og Elisabeth leika þær frúrnar Jóhanna Hjaltalín og Svanlaug Ester Kláusdóttir. Fara

þær báðar vel með hlutverk sín. — Frú Jóhanna sýnir vel þá manngerð sem hún á að sýna og á til skemmtilega glettinn og dirfsku. Kom það best í ljós í skiftum hennar og húsbóndans í þriðja þætti. Hefur hún ekki komið fram á leiksviði áður, en hún hefur undanfarið lært í leik skóla Evers Kvarans. Leikur frú Svanlaugar var sjerstaklega góður í öðrum þætti þegar Manningham fer inn í búningsherbergi sitt og hún óttast að hann verði þar var við leynilögreglumanninn, — þögull leikur, en athyglisverður.

Valeir Óli Gíslason og Sigurður Arnórsson leika lögregluþjóna. lítill hlutverk.

Frú Inga Laxness hefur snúið leiknum á íslensku og varð ekki annað heyrð en að málið væri gott og lipurt.

Á undan sýningunni leik Einar Markússon píanoleikari forleik eftir sjálfan sig.

Að leikslokum var leikendum ákaft fagnað með dynjandi lófataki og mörgum fögrum blómvöndum. Voru þeir vissulega vel að því komnir og þá ekki síst leikstjórinn, því að þetta er tvímælalaust besta leik sýningin, sem Leikfjélag Hafnarfjarðar hefur boðið uppá til þessa.

Sigurður Grímsson.

Aðalfundur „Vorboðans“ í Hafnarfirði

FÖSTUDAGINN 19. febrúar s.l. hjelt Sjálfstæðisfjélagið „Vorboðinn“ í Hafnarfirði aðalfund sinn. Fundurinn var vel sóttur.

Stjórn fjelagsins var öll endurkosin, en hana skipa: frú Jakobína Matthiesen, form., frk. María Ólafsdóttir, gjald., frú Soffía Sigurðardóttir, ritari, og meðstjórnendur: frú Svava Matthiesen, frú Ingibjörg Ögmundsdóttir, frú Friðrikka Eyjólfsdóttir og frk. Anna Guðmundsdóttir.

Varastjórn var kosin: frú Helga Nielsdóttir, frú Herdís Guðmundsdóttir, frú Sveinlaug Halldórsdóttir, frú Ragnheiður Magnúsdóttir og frk. Anna Jónsdóttir.

Endurskoðendur voru kosnir: frú Helga Jónasdóttir og frú Elísabet Böðvarsdóttir, til vara: Sólveig Sveinbjarnardóttir.

Fjelagslífið hefur staðið með miklum blóma og beitti fjelagið sjer m. a. fyrir saumanámskeiði í vetur, og hygst að efna til bazars í vor. Var mikill áhugi ríkjandi á fundinum fyrir auknu fjelagslífi og starfi í þágu Sjálfstæðisflokksins.

Að fundi loknum skemmtu fundarkonur sjer við kaffidrykkju og spil.

Úthlutun mentamálaráðsstyrkja fyrir 1949

MENNTAMÁLARÁÐ Íslands hefur nýlega úthlutað fje því, sem væntanlega verður veitt á fjárlögum 1949, 14. gr. B. II. b., svo sem hjer segir:

Framhaldsstyrkir

Aðalsteinn Sigurðsson, dýrafraði, 2000 krónur, Andrjes Andrjesson, vjelaverkfr., 3000, Andrjes H. Guðmundsson, lyfjafræði, 2000, Árni G. Pjetursson, búfræði, 2000, Árni Waage, mjólkurfræði, 2000, Ásgerður E. Búadóttir, málalalist, 2000, Axel V. Magnússon, garðyrkja, 2000, Baldur Þorsteinsson, skóg, rækt, 3000, Baldvin Halldórs-son, leiklist, 2000, Benedikt Gunnarsson, byggingarverkfr., 2000, Benedikt B. Sigurðsson, byggingarverkfr., 3000, Bjarni Steingrímsson, efnafræði, 2000, Björn Franzon, tónsmíðar, 3000, Björn J. Lárusson, hagfræði, 3000, Björn Sveinbjörns-son, iðn.verkfræði, 3000, Davíð Stefánsson, veðurfræði, 2000, Einar G. Baldvinsson, málalalist, 2000, Einar Jónsson, vjelaverkfræði, 2000, Elín P. Bjarnason, málalalist, 2000, Emil N. Bjarnason, búfræði, 2000, Erla Elíasdóttir, enska, 2000, Erlendur Helgason, húsagerðarlist, 2000, Erlingur Guðmundsson, byggingarverkfr., 3000, Eyjólfur A. Guðnason, búfræði, 2000, Friðrik R. Gíslason, gistihúsa-rekstur, 2000, Garðar Ólafsson, tannlækningar, 2000, Geir Kristjánsson, bókmenntir, 3000, Gerður Helgadóttir, höggmyndalist, 2000, Guðlaugur Hannesson, iðn.gerlafræði, 3000, Guðmundur K. Guðjónsson, hagfræði, 3000, Guðmundur Elíasson, höggmyndalist, 2000, Guðni Hannesson, hagfræði, 3000, Guðrún Á. Símonar, söngur, 3000, Gunnar K. Bergsteinsson, siglingafræði, 2000, Gunnar Ó. P. Egilsson, klarinettleikur, 2000, Gunnar Ólason, efnafr., 2000, Gunnhildur Snorradóttir, sálarfræði, 2000, Guttormur V. Þor-mar, byggingarverkfr., 3000, Halldór Sveinsson, rafmagns- verkfr., 3000, Haraldur Árna-son, landbúnaðarverkfr., 3000, Haraldur Jóhannsson, hagfræði, 3000, Hjalti Einarsson, efna- verkfr., 2000, Hjörleifur Sigurðs-son, málalalist, 3000, Hólmfríður Pálsdóttir, leiklist, 2000, Hrólfur Sigurðsson, málalalist, 2000, Ida P. Björnsson, grasa- fræði, 2000, Inga S. Ingólfssdóttir, íþróttir, 2000, Ingibjörg P. Jónsdóttir, sálarfræði, 2000, Ingvi S. Ingvarsson, hagfræði, 3000, Jakob Löve, verslunar- hagfr., 3000, Jóhann Kr. Ey- fells, húsagerðarlist, 2000, Jó- hann Indriðason, rafmagns- verkfr., 3000, Jón H. Björnsson, garðyrkja, 2000, Jón Guðnason, saga, 2000, Júlíus J. Danielsson, búnaðarhagfr., 2000, Karl V. Kvaran, málalalist, 2000, Krist- inn Björnsson, sálarfræði, 2000, Kristján Hallgrímsson, lyfja- fræði, 2000, Magnús Bergþór- son, rafm.verkfræði, 3000, Magnús Gíslason, uppeldisfr., 3000, María H. Ólafsdóttir, mál- aralist, 2000, Ólöf Pálsdóttir, höggmyndalist, 2000, Óttar I.

Karlsson, skipaverkfr. 3000, Ottó Valdimarsson, rafm.verk- fr., 3000, Páll P. Beck, blaða- mennska, 2000, Páll Fr. Einarss- son, búfræði, 3000, Páll Árdal Guðmundsson, hagfræði, 3000, Pjetur Fr. Sigurðsson, málara- list, 2000, Ragnar Emilsson, húsagerðarlist, 3000, Sibil Kamban, bókmenntir, 3000, Sigfús H. Andrjesson, sagn- fræði, 2000, Siglaugur Brynleifs- son, bókasafnsfræði, 2000, Sig- riður A. Helgadóttir, slavnesk mál, 3000, Sigríður Magnús- dóttir, franska, 3000, Sigurður B. Blöndal, skógrækt, 2000, Sig- urður B. Magnússon, vjelaverk- fr., 3000, Sigurður Þormar, byggingarverkfr. 3000, Skarp- hjeðinn Jóhannsson, bygginga- list, 3000, Skúli Guðmundsson, byggingarverkfr., 3000, Skúli H. Norðdahl, húsagerðarlist, 3000, Snót Leifs, bókmenntir, 2000, Stefán Karlsson, danska, 3000, Steinunn L. Bjarnadóttir, leik- list, 2000, Sveinn Björnsson, iðn.verkfræði, 3000, Sverrir S. Markússon, dýralækningar, 3000, Sverrir Runólfsson, söng- ur, 2000, Theódór Árnason, byggingarverkfr., 3000, Valdi- mar Jónsson, efnaverkr., 2000, Vilhjálmur Th. Bjarnar, tann- lækningar, 3000, Þórarinn Pjet- ursson, búfræði, 2000, Þóroddur Th. Sigurðsson, vjelaverkfræði, 3000, Þorsteinn Gunnarsson, stærðfræði, 3000, Þórunn S. Jó- hannsdóttir, píanoleikur, 3000, Þórunn Þórðardóttir, grasafri, 3000, Þorvaldur Kristmundsson, húsagerðarlist, 2000, Örnólfur Örnólfsson, búfræði, 2000 kr.

Nýir styrkir

Aðalbjörg Sigtryggisdóttir, heimilishagfr., 2000, Ari Brynj- ólfsson, eðlis- og efnafr., 3000, Ari Guðmundsson, veðurfræði, 2000, Baldur Sveinsson, vjela- verkfræði, 3000, Benedikt B. Sigurðsson, vjelaverkfr., 2000, Björg Hermannsdóttir, sálar- fræði, 2000, Björgvin Torfason, fiskiðnfæði, 2000, Eggert Steinsen, rafmagnsverkfræði, 3000, Einar Þorkelsson, vjela- verkfræði, 3000, Elías Mar, bók- menntir, 2000, Erla G. Ísleifs- dóttir, höggmyndalist, 2000, Guðjón Sv. Sigurðsson, efna- fræði, 2000, Guðm. Birgir Fri- mansson, byggingarverkfr., 3000, Guðni Magnússon, hús- a- gerðarlist, 3000, Gunnar B. Guð- mundsson, byggingarverkfr., 3000, Gunnar Jónsson, landbún- aðarnám, 2000, Gunnar Sigurðs- son, byggingarverkfr., 3000, Hafsteinn Bjargmundsson, líf- eðlisfræði, 3000, Hallgrímur Lúðvígsson, enska 2000, Hann- es Jónsson, fjelagsfræði, 2000, Haukur Magnússon, verkfræði, 2000, Jakob Magnússon, fiski- fræði, 2000, Jón Björnsson, bók- menntir, 2000, Jón Þorberg Ei- riksson, þýska, 2000, Jón Nor- dal, tónlist, 3000, Karl Guð- mundsson, byggingarverkfr., 3000, Kjartan Gunnarsson, lyfja- fræði, 2000, Kjartan Sveinsson, rafmagnsfræði, 2000, Loftur Loftsson, efnaverkr., 3000, Loftur Þorsteinsson, byggingar- Frh. á bls. 12.